

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2020

Á Akureyri hófust frjómælingar 24. mars og stóðu til 29. september, samtals í 190 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Frjókorn mældust frá 26 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 3.147 frjó/m³ sem er töluvert minna en mælt hefur að meðaltali á Akureyri (2. tafla). Af þeim voru 1.708 grasfrjó (54%), 431 birkifrjó (13%), 306 asparfrjó (10%) og 85 súrufrjó (3%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 471 (15%). Þar af voru furu/grenifrjó 98 (3%). Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta elrifrjókornið kom í gildruna 1. apríl, en algengustu frjókornin í apríl voru lyngfrjó með frjótöluna 9 frjó/m³.

Asparfrjó voru samfelld í lofti 5.–29. maí en stopult eftir það. Í ár mældust 306 frjó/m³ sem er aðeins minna en í fyrra en svipaður fjöldi og síðustu tvö sumur þar á undan. Hámark asparfrjóa var 18. maí (42 frjó/m³).

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2020, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Frjó/m ³
Gras	Poaceae	1708
Birki	<i>Betula</i>	431
Ösp	<i>Populus</i>	306
Fura/Greni	Pinaceae	98
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	85
Víðir	<i>Salix</i>	80
Elfting	<i>Equisetum</i>	48
Stör	<i>Carex</i>	43
Rósaætt	Rosaceae	34
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	33
Lyng	Ericales	30
Netla	<i>Urtica</i>	23
Yllir	<i>Sambucus</i>	20
Einir	<i>Juniperus</i>	11
Körfublóm	<i>Aster</i>	9
Fífill	Compositae Cichorideae	8
Maðra	<i>Galium</i>	8
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	5
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	5
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	3
Sefætt	Juncaceae	3
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Beitilyng	Calluna	3
Sóley	<i>Ranunculus</i>	2
Belgjurtir	Leguminosae	1
Mosi	<i>Sphagnum</i>	1
Óþekkt/ógreind	incognito	146


Birkifrjó mældust langt undir meðallagi. Heildarfjöldinn fór í 431 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2019 er 679 frjó/m³. Þau mældust nær samfelld í lofti frá 19. maí til 21. júní. Hámark birkifrjóa var 3. júní (86 frjó/m³).

Grasfrjó hafa ekki mælt færri síðan 2013. Heildarfjöldi var 1.708 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2019 er 1.812 frjó/m³. Fyrsta grasfrjóíð mældist 3. júní en frá 8. júní voru þau nær sleitulaust í lofti til 28. september. Júlí var fremur kaldur sem gerði það að verkum að gras blómgaðist seinna og aðal frjótími grasa var í ágúst eða 1.164 frjó/m³. Í júní mældust 113 frjó/m³, 348 frjó/m³ í júlí og 83 frjó/m³ í september. Þriðjudaginn 11. ágúst voru flest grasfrjókorn í lofti eða 161 frjó/m³.



Frjótalan fór fjórum sinnum yfir 100 og fimm sinnum yfir 50. Í fyrsta skipti frá árinu 2013 fór frjótalan aldrei yfir 200 frjó/m³ á einum degi.

Súrufrjó mældust fyrst 11. júní og var heildartala þeirra 85 frjó/m³. Frjótalan fór hæst í 7 frjó/m³ þann 8. júlí. Meðaltal súrufrjóa fyrir árin 1998–2019 er 66 frjó/m³.



1. mynd. Heildarfrjómagng og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2020.

Sumarið 2020 á Akureyri var rétt undir meðallagi hvað heildarfrjómagng varðar (2. tafla).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var ágúst með 1.259 frjó/m³ lofts en apríl reyndist sá rýrasti, fyrir utan mars, með 21 frjó/m³. Í tveimur mánuðum, maí og ágúst mældust frjókorn yfir meðaltali (2. tafla).

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2020 og meðaltal áranna 1998–2019.

Mánuður	2020	Meðaltal
Mars	0	5
Apríl	21	65
Maí	574	507
Júní	674	696
Júlí	511	916
Ágúst	1259	953
September	108	177
Samtals	3147	3315

Hæsta samanlögð frjótala mældist 11. ágúst (166 frjó/m³) en þann dag voru grasfrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 24. apríl til 27. september, nema tvo. Að meðaltali voru tæplega 17 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts á Akureyri og er það heldur minna en í meðalári (20 frjó/m³).

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands (júní til september) var meðalhiti á Akureyri jafn meðallagi síðustu tíu ára en úrkoma og sólskinsstundir yfir meðallagi.

Í október 2020
Ellý Guðjohnsen

